



---

---

## UMSÖGN

---

---

**TIL:** MENNINGAR- OG FERÐAMÁLANEFND HAFNARFJARÐARBÆJAR  
**FRÁ:** HEIDRÚN EVA KONRÁÐSDÓTTIR - BYGGÐASAFN HAFNARFJARÐAR  
**MÁLEFNI:** UMSÖGN VEGNA MINNISVARÐA UM HALLSTEIN HINRIKSSON  
**DAGUR:** 29.7.2022

---

Umsögn þessi er gerð að beiðni Menningar- og ferðamálanefndar Hafnarfjarðar vegna tillögu afkomenda Hallsteins Hinrikssonar um minnisvarða um hann og íþróttastarf hans í Hafnarfirði.

Bygðasafnið er mjög hlynnt því að minnismerki um Hallstein Hinriksson verði reist í bænum, þar sem minningu Hallsteins og hans merka starfs verður haldið á lofti. Bygðasafnið leggur til að minnisvarðinn verði reistur við Kaplakrika frekar en Lækjarskóla og að afkomendur í samstarfi við FH myndu standa að minnisvarðanum m.a. með styrkveitingu frá menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðarbæjar. Sambærilega minnisvarða er að finna við knattspyrnuvöllina í Keflavík og Kópavogi. Þar voru það íþróttafélögin eða einstaklingar úr þeirra röðum sem stóðu að minnismerkjunum og styrkjum var safnað m.a. frá bæjarfélögunum.

Innan Hafnarfjarðar eru nokkur minnismerki um einstaklinga flest þeirra hafa verið reist af einstaklingum, félagasamtökum eða fyrirtækjum með eða án styrkja frá Hafnarfjarðarbæ.

### Minnismerki um einstaklinga í Hafnarfirði:

**Bjarni Sívertsen** (1763-1833): Kaupmaður og útgerðarmaður. Eftir Ríkarð Jónsson, staðsett í Hellisgerði.

**Friðrik Bjarnason** (1880-1962): Organisti við Hafnarfjarðarkirkju, kennari, tónskáld og kórstjóri. Stendur við Hafnarfjarðarkirkju, afhjúpuð árið 2012.

**Guðmundur Einarsson** (1883-1968): Frumkvöðull að vernd og ræktun Hellisgerðis. Eftir Ríkarð Jónsson, staðsett á klettavegg við Fjarðarhelli í Hellisgerði. Afhjúpuð árið 1963.

**Guðmundur Gissurarson** (1902-1968): Fyrsti forstjóri Sólvangs. Gjöf Félags ungra jafnaðarmanna til Sólvangs. Eftir Gest Þorgrímsson, afhjúpuð árið 1966, stendur við Hjúkrunarheimilið Sólvang.

**Hrafna-Flóki Vilgerðarson:** Íbúar í Sveio í Noregi reistu vörðuna og færðu Hafnfirðingum, nákvæm eftirmynd minnismerkis í Ryvarden í Noregi. Stendur við golfvöllinn á Hvaleyrri.

**Jóhannes Reykdal**(1874-1946): Styttan afhjúpuð árið 2018 við „Reykðalsstífluna“

**Þórður Edilonsson** (1875-1941): Héraðslæknir. Eftir Ríkarð Jónsson, stendur við Hjúkrunarheimilið Sólvang.

**Örn Arnarson (Magnús Stefánsson)**(1884-1942): Skáld. Stendur á horni Reykjavíkurvegar og Austurgötu þar sem áður stóð Hótel Hafnarfjörður. Afhjúpaður árið 1974.

Auk þess hefur Skógræktin sett marga minningarskildi í skógarlundum Hafnarfjarðar.